



Heiti: Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar - 402 (9.12.2015)
Fyrirtæki: Hestamannafélagið Hörður
Mál: Hestaíþróttasvæði Varmárbökkum, endurskoðun deiliskipulags
Númer: 200701150
Dagsetning fundar: 9.12.2015
Niðurstaða: Vísað til nefndar
Athugasemdir: Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi svæðisins var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 13.10.2015 með athugasemdafresti til 24.11.2015. Lagðar fram fjórar athugasemdir sem bárust og bókun umhverfisnefndar frá 26.11.2015.
Niðurstaða Nefndin vísar framkomnum athugasemdum til umsagnar skipulagshöfunda.



Heiti: Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar - 165 (26.11.2015)
Fyrirtæki: Hestamannafélagið Hörður
Mál: Hestaípróttasvæði Varmárbökkum, endurskoðun deiliskipulags
Númer: 200701150
Dagsetning fundar: 26.11.2015
Niðurstaða: Lagt fram
Athugasemdir: Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi svæðis fyrir hesthús og hestaípróttir á Varmárbökkum, sem skipulagsnefnd bókaði að kynnt skyldi fyrir umhverfisnefnd. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 24. nóvember s.l.
Niðurstaða Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfi á Varmárbökkum. Ábending kom fram um að afmörkun svæðis næði innfyrir friðlandið á norðvesturhluta svæðisins. Leiðrétta þarf þetta atriði á endanlegum upprætti.

Finnur Birgisson

Frá: torkell@kanon.is**Sent:** 24.11.2015 09:39:17**Til:** Finnur Birgisson**CC:** Póstlisti Mosfellsbæjar**BCC****Efni:** Athugasemd þM**Viðhengi:** [E065 Logo e-mail-01.jpg](#)**Málsnúmer:** 200701150

Þar sem langhlið hesthúsa liggur að lóðarmörkum er kvöð um akstursmöguleika á aðliggjandi lóð, á um fjögura metra breiðri ræmu, svo koma megi heyi í hlöðu.

Til að tryggja brunavarnir á svæðinu og koma í veg fyrir að eldur berist á milli lóða mælist ég til þess að á þessu svæði verði einnig kvöð þess efnis að ekki sé heimilt að staðsetja þar eða geyma brennanleg efni.

Kveðja

Þorkell Magnússon



Laugavegi 26 ? 101 Reykjavík ? sími 512 4214 ? gsm 696 6864 ? www.kanon.is

Skipulagstillaga sem er til auglýsingar um reiðleiðir í hesthúsahverfi.

Það vekur athygli mína að hvergi er minnst á náttúruverndargildi svæðisins og möguleg umhverfisáhrif í skipulagsgögnum, auk þess sem samhliða teikningar (fyrir og eftir breytinguna) vantar.

Skipulagsuppdrátturinn er auk þess í svo stórum skala að það er vart hægt að greina breytinguna. Sú breyting sem ég hins vegar veit að verður er að það á að fylla upp í skurðinn meðfram friðlýsta svæðinu við ósa Varmár og á reiðleiðin að koma ofan á uppfyllinguna. Það opnar svæðið fyrir umferð og er líklegt til að stofna friðlýsta svæðinu í hættu. Sömuleiðis á að færa reiðleiðina í útjaðri hesthúsahverfisins (vinstra megin í hverfinu) að læknum sem rennur ofan í friðlandið. Fyrir utan að gögnum er ábótavant hefði að mínu viti átt að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum, í það minnsta. Og auðvitað tiltaka náttúruverndargildi og möguleg umhverfisáhrif.

Fundur 19. mars

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að ef ráðist verður í þessar framkvæmdir að fyllstu varúðar verði gætt í umgengni við viðkvæma náttúru. Annar reiðstígurinn myndi liggja næst friðlýstu svæði og eystri stígurinn lægi á bökkum Varmár sem er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar. Jafnframt bendir nefndin á að deiliskipulagið verði sent til Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðrar stígagerðar. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Skv. umsögn gerir Umhverfisstofnun verulegar athugasemdir við þessar framkvæmdir sem ekki er minnst á í deiliskipulagsgögnum. (sjá umsögn ust frá 27. Maí)

Finnur Birgisson
Skipulagsfulltrúi
Þverholt 2
Mosfellsbær

Athugasemdir við skipulagstillöguna: Hestaípróttasvæði á Varmárbökkum

Skipulagið er að nánast að öllu leyti gott, þó gera meg nokkrar athugasemdir.

1. Varðandi kafla **2.3. Fornleifar** á bls. 3 í greinagerð og skilmálum kemur fram að: „Samkvæmt skráningu fornleifa í Mosfellsbæ“ (Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2006/2), eru ekki skráðar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.“ **Þetta er ekki rétt, innan skipulagssvæðisins eru fornleifar samkvæmt þessari skrá: Skráning fornleifa í Mosfellsbæ, sjá bls. 198-199. Leita skal upplýsinga og umsagnar til Minjastofnunar Íslands um fornleifar á svæðinu.**
2. Varðandi kafla **3.4.1 Vegakerfi** í greinagerð og skilmálum á bls. 5, þar kemur fram: „Skipulagið gerir ráð fyrir að aðgreina eins og unnt er umferð ríðandi og akandi þar sem því verður við komið. Eldra skipulag er þó ekki með aðgreindar götur fyrir ríðandi og akandi og er miðað við að aðalgatan inn í hverfið og gata að félagsheimili verði malbikaðar en aðrar götur látnar standa sem malargötur.“ **Þar mætti gera eftirfarandi breytingar:** A) *Aðgreina þarf á skipulagsupprætti malbikaðar og malargötur með sitthvorum lit.* B) *Reiðgata sem kemur úr vestri sunnan við gæðingavöll þarf að tengjast reiðvegakerfi innan hverfisins, og þarf að framlengja henni sunnan við Harðarból austur að Skólabraut (ef malbika á heim að Harðarbolli).* C) *Koma fyrir reiðvegi austan við Skólabraut niður með Blíðubakka 1, 3 og 5 og Drífubakka 1 og 3, þar sem göngustígur er skilgreindur á upprætti, færa göngustíg vestur fyrri Skólabraut. Mikilvægt er að opna reiðleið þarna um, ef það er möguleiki að hafa þar göngustíg er betra að nýta plássið fyrir reiðleið.*
3. Varðandi kafla **4.2 Hesthús** í greinagerð og skilmálum, þar kemur fram að: „c) Af öryggisástæðum má ekki opna gerði né hús út að aðkomuvegi vestan byggðarinnar. Aðkoma að Blíðubakka 1, 3 og 5 skal því eingöngu vera austan frá, það er frá Blíðubakka.“ **Öryggið mætti auka** með því að setja upp hraðahindrun áður en komið er inn í hesthúsahverfið við Blíðubakka 2, til að slá á umferðahraða, auk þess mætti bæta umferðarmerkingar (um hámarkshraða og reiðmenn séu á ferð). Eykst þannig öryggi þeirra sem þurfa að fara yfir Skólabrautina til að komast í Reiðhöll og tanningagerði.
4. Varðandi skipulagsupprátt: **Lagt er til að Blíðubakka verð breitt í reiðgötu á upprættinum** (lituð dökkgrá) og með kvöð um akstursmöguleika. Blíðubakki er merkt inn á uppráttinn sem bílagata, gatan er tæpir 5 metrar á breidd og tæplega

hægt að mætast þar akandi með hestakerru. Erfitt er að fara þar með 3 hesta til reiðar fram hjá bílum, án þess að rekast utan í þá. Við götuna er 6 hús og eru allir mjög meðvitaðir um að leggja ekki í götunni, nema til afferma eða ferma bíla.

5. Varðandi allmennt um bílastæði á skipulagsuppdrætti. *Fjölga þarf bílastæðum við Harðarból, hægt væri að staðsetja þau vestur frá húsinu. Fjölga þarf bílastæðum nyrst í eldri hluta hverfisins. A) Við Skiphól eru merkt inn 5 stæði, snúa mætti bílastæðinu þannig að þar væri hægt að koma fyrir 10 stæðum (ef fornleifar leifa það?). B) Þar sem teiknuð eru inn 26 bílastæði sunnan við hringgerði, hægt væri að fjölga þar stæðum um 9 án mikilla breytinga, (í dag eru þar kerrur). C) Bílastæði nyrst við Blesabakka er sögð 6 en teiknuð 5.*

6. Varðandi skipulagsuppdrátt. **Vantar geymslusvæði fyrir heyrúllur og bagga.** *Í dag er svæði austast við Varmá nýtt sem geymslusvæði fyrir hey, hvorki það né annað er teiknað á skipulagsuppdráttinn. Sumir þurfa að koma fyrir tímabundið nokkrum rúllum innan svæðis. Ekki versla allir við heykaupmenn sem koma með hey vikulega og er því nauðsynlegt að hafa aðstöðu fyrir nokkrar rúllur og bagga á afmörkuðu svæði fyrir félagsmenn eins og er í dag.*

Anna Lísu Guðmundsdóttir hesthúseigandi Blíðubakka 1
Reykás 33
110 Reykjavík

Finnur Birgisson

Frá: Sædís Pálsdóttir **Sent:** 25.11.2015 08:34:53
Til: Finnur Birgisson
CC:
BCC:
Efni: Athugasemdir Þórunnar Láru
Viðhengi:
Málsnúmer: 200701150

[Af póstlista mos](#)

[Kv, Sædís](#)

From: Þórunn Lára Þórarinsdóttir [mailto:dyralaeknir@internet.is]
Sent: 24. nóvember 2015 19:47
To: Póstlisti Mosfellsbæjar <mos@mos.is>
Subject: Varðandi athugasemdir við skipulagstillögu að hestaípróttasvæðinu á Varmárbökkum

Góðan daginn

Þar sem ég undirrituð er eigandi að vestanverðum endanum á Blíðubakka 1, verð ég að koma með athugasemd varðandi kafla 4.2. Hesthús í geinagerð og skilmálum ,þar kemur fram að: c) Af öryggisástæðum má ekki opna gerði né hús út að aðkomuvegi vestan byggðarinnar. Aðkoma að Blíðubakka 1,3 og 5 skal því eingöngu vera að austan frá, það er frá Blíðubakka.

Þetta gengur engan veginn upp.

- 1) Hesthúsaeigandinn fyrir neðan mig fer inn í gerðið mitt vestan megin til að komast inn í hlöðuna sína.
- 2) Ég þarf að komast inn gerðið mitt til setja mól í það og hreinsa.
- 3) Aðkoman að mínu húsi er vestan megin, þar geng ég inn og tek hrossin út.
- 4) Ég fer á bak vestan megin og ríð þaðan í burtu frá húsinu.

Til að bæta öryggi þarna þarf að hægja á umferðinni og laga veginn þarna vestan megin við húsin, legg ég til að gera reiðstíg niður með húsunum þarna megin, það væri nauðsynlegt.

Kveðja

Þórunn Lára Þórarinsdóttir